

Vesturlandsumdæmi:

Starfsskýrsla 1944

Daníel Kristjánsson:

- Árið 1944 voru störf mín í þágu Skógræktar ríkisins þessi:
1. Umsjón og eftirlit með græðireit, skógarhöggi og girðingum.
 2. Ferðalög, til umsjónar og eftirl. á skógl. í Vestfirðingafjórðungi.
 3. Bréfaskriftir, reikningshald, símtöl og fleira.

Ferðalög.

Á árinu fór ég fjórar ferðir til Reykjavíkur. Í júní fór ég til Patreksfjarðar, Arnarfjarðar og um Barðarstrandarsýslu. Í september ferðaðist ég um Dalasýslu alla. Auk þess er áður greinir, fór ég þrjár ferðir á Snæfellsnes, eina ferð inn í Hítardal og margar ferðir um Mýra- og Borgarfjarðarsýslur, þar á meðal tvær ferðir á Akranes. Alls var ég 120 daga fjarverandi við störf í þágu Skógræktar ríkisins.

Framkvæmdir.

Í maí var komið upp girðingu í Álftaneshreppi, sem er að lengd um 1100 metrar, sexþétt. Girðing þessi umlýkur skóglendisleifar. Skógræktin lagði til allt efni í girðinguna, svo og verkstjórn, en aðra vinnu lögðu til ungmennafélagar í Álftaneshreppi.

Í Vestur-Botni við Patreksfjörð var gerð skóglendigirðing að öllu leyti á kostnað Skógræktarinnar. Girðing þessi er um 1200 metrar að lengd, sexþétt, og er landið innan hennar kjarri vaxin melbörð.

Í Langa-Botni við Geirþjófsfjörð, var gerð girðing um 1000 metrar að lengd. Landið innan girðingar er flatt og kjarri vaxið. Girðing þessi var að öllu leyti kostuð af Skógrækt ríkisins.

Þá fóru fram endurbætur á girðingum eins og venja er til. Viðhald Jafnaskarðsgirðingar var einna erfiðast, og er hún eina skógargirðingin á Vesturlandi, sem sauðfénaður hefir komist inn í, en því hefir að jafnaði verið komið fljótt út aftur.

Eftirfarandi girðingar eru í vörzlu minni, en viðhald þeirra annast fleiri aðilar en Skógrækt ríkisins:

| | |
|-------------------------|---|
| Jafnaskarðsgirðing | Umsjón og viðhald annast Skógræktin. |
| Sauðhússkógargirðing | " |
| Munaðarnesgirðing | " |
| Hreinsstaðagirðing | " |
| Búðarhraungirðing | " |
| Ytrafellsgirðingar | " |
| Jarðlangsstaðagirðingar | " |
| Borgargirðing | Umsjón og viðh. annast Stúkan í Borgarnesi. |
| Urriðargirðing | " " " U.M.F. Álftaneshrepps |
| Hítardalsgirðing | " " " Finnbogi Helgason. |
| Melsgirðing | " " " Guðmundur Á Pétursson |
| Vestur-Botnsgirðing | " " " Skógrækt ríkisins. |
| Langa-Botnsgirðing | " " " " |

Auk þessara girðinga eru Norðtungugirðing og Saurbæjargirðing, er hver um sig hafa notið hlunninda frá Skógrækt ríkisins. Nú sem stendur ríkir alger óvissa um, hvernig háttað verður til með þessar girðingar í framtíðinni. Þessi óvissa má ekki ríkja lengi: það sémir hvorugum aðila.

Með framangreindum girðingum hefi ég haft eftirlit að undanskilinni Saurbæjargirðingu. Allar eru girðingarnar í sémilegu ástandi, en þurfa að sjálfsögðu endurnýjunar við innan fárra ára: - að minstakosti sumar þeirra.

Græðireitur.

Úr græðireitnum á Hreðavatni voru seldar á annað þúsund birkiplöntur. Í vor var plantað út 3 þúsund birkipl. og 10 þúsund reyniplöntum. Sáð var birkiþrá, og töluverðu var safnað af reyniþrá í haust, en vegna þess, hve snemma tíðarfar spilltist, var ekki hægt að sá þránu, og verður það því geymt til næsta vors.

Birkið í græðireitnum þroskaðist vel í sumar og mældist hæsti árs-vöxtur um 68cm. Það mun láta nærri, að meðalvöxtur sé á milli 30 og 40 cm. Á næsta ári verða söluhafar um 3 þúsund birkiplöntur. Lítið eitt er til af tveggja og þriggja ára sitkagreniplöntum, en þeim fer því miður mjög lítið fram, og er vafasamt, hvort nokkuð af þeim nær þeir þroska að verða útplöntunarhafar. Enn hefir engin ákvörðun verið tekin um það, hvar græðireitur verði á Vesturlandi í framtíðinni, en hitt er auðsætt, að hæpið er að flytja slíka starfssemi á skjóllausa staði.

Skógarhögg.

Unnið var að skógarhöggi í Jafnaskaðsskógi í vor og einnig öðru hvoru í sumar. Viðarfall er lítið sökum fúa, og má því fremur telja vinnu þess hræinsun skógarins heldur en högg til nytja. Skógarhöggsvinnan bar sig ekki fjárhagslega, en er eigi að síður nytsamleg vegna framtíðarinnar. Af skógarviði eru þegar seldir 3 bílfarmar, og enn er laus viður eftir skóginum. Erfiðleikar eru mjög miklir við að koma þeim litla viði, er til fellur á markaðinn, og verður að flytja hann að sumarlagi á bátum yfir Hreðavatn.

Tíðarfar.

Tíðarfar reyndist erfitt framan af; mjög þurkasamt og kalt, en breyttist til batnaðar um 17. júní og hélst svo allt fram til septemb. loka, að veðurfar var plöntuuppeldi mjög hagstætt, enda stóðu plöntur í fullum blóma allt til septemberloka. Fræfall var í meðallagi. Ekki voru mikil brögð að skógarmaðki, en þó varð hans aðeins vart: hins vegar voru mikil brögð að sveppasýki á reyniviðnum.

Framtíðarhorfur.

Á síðastliðnu vori flutti ég mig búferlum að Beigalda í Borgarhreppi. Keypti ég jörðina fyrir 3600 kr. Auk þess hefi ég á þessu ári orðið að leggja varnsleiðslu og gjöra miklar umbætur á íbúðarhúsinu, og nemur útlagður kostnaður við þessar framkvæmdir kr. 1000--.

Dkógrækt ríkisind hefir enn ekki getað fengið samastað handa mér, og var það af þeim ástæðum, að ég keypti þessa jörð: en á Gljúfurá gat ég ekki verið lengur og átti þar af leiðandi ekki á öðru vól. Arið hefir á margan hátt verið mér erfitt: framkvæmdir allar dýrar og menn lítt fánlegir, þótt allt að tvöfalt kaupgjald sé í boði. Þessi ótrygga aðstaða skógarvarðarins kemur hart niður á sumum greinum skógræktarframkvæmdanna, og þá einkanlega græðireitnum (plöntuuppeldinu) sökum fjarlægðar.

Mjög finn ég sárt til þess, hve lítið fæst unnið fyrir þá peninga, er Skógrækt ríkisins hefir fengið mér til ráðstöfunar. En hinsvegar sé maður hvervetna blasa við brýna þörf til starfa og óþrjótandi verkefni. Litt gróið land, örfoka land, biður eftir hjálp skógræktarinnar, og það er sannfæring mín, að ekkert er eins nauðsýnlegt eins og að hjálpa þeim gróðri aftur til lífsins, sem er að verða eyðingaröflum manna og veðráttu að brjóð.

Þau tímamót, er við stöndum á eru okkur lærdómsrík á margan hátt. Nu mun svo komið fyrir Skógræktinni, að þrátt fyrir mikla aukningu

fjárveitingar frá því fyrir stríð, að lítið meira fæst unnið fyrir fé þetta, þrátt fyrir hækkun krónutölunar, heldur en fékkst fyrir stríð.

Allir ættu að sjá, hvert stefnir, og með sama áframhaldi verður ekki um raunhæfa framsókn á sviði skógræktarmálanna að ræða, frekar en á öðrum sviðum í athafnalífi þjóðarinnar.

Aukin krónutala á fjárveitingu til Skógræktarinnar veldur því, að menn ýminda sérgetu hennar langt fram yfir nokkra sanngirni, og verður þessa einkum vart af hálfu þeirra manna, sem ekki hafa kynnt sér framkvæmdir þessara mála af eigin raun. Þetta viðhorf hlýtur því að verða skógræktarmálum landsins til tjóns. Ennþá virðist sú staðreynd ekki hafa orðið þjóðinni ljós, að kaupmáttur þeirra peninga, er við nú fáum til framkvæmda, er sex sinnum minni nú heldur en var fyrir stríð.

Það er að visu leiðinlegt að geta ekki framkvæmt mikið og fljótt, en það er einmitt það, sem skógræktin í landinu hefir mikla þörf fyrir.

Ég þakka öllum samstarfið á árinu 1944. Að lokum á ég enga ósk betri en þá, að starfssemi skógræktarinnar megi aukast og margfaldast hér í Vestfirðingafjórðungi og um land allt á næstu árum.